

Iðnaðarnefnd Alþingis
Eiríkur Áki Eggertsson
nefndarritari
Alþingi v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 04. apríl 2008
2008030010/42-1-3
JGO/jgo

Efni: Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um þingsályktunartillögu um sjálfbæra nýtingu jarðhitasvæða, 13. mál.

Vísað er til bréfs iðnaðarnefndar Alþingis, dags. 11. mars sl. þar sem óskað er eftir álitum Náttúrufræðistofnunar Íslands á tillögu til þingsályktunar um rannsóknir og sjálfbæra nýtingu jarðhitasvæða (13. mál). Samkvæmt tillögunni skal ríkisstjórnin skipa starfshóp sem leita á leiða til að lágmarka umhverfisáhrif af framkvæmdum á jarðhitasvæðum.

Náttúrufræðistofnun telur að hér sé um þarft mál að ræða og mælir með samþykkt tillögunnar. Stofnunin telur mikilvægt að verkefni nefndarinnar verði ekki einskorðað við virkjanaframkvæmdir á háhitasvæðum eins og greinargerðin bendir til. Umgengni á lághitasvæðum er víða mjög ábótavant og oft er hún mjög slæm í tengslum við hitaveituframkvæmdir og ylraekt. Benda má á að lífríki lághitasvæða er mjög sérstætt og þar er að finna sjaldgæfar plöntu- og dýrategundir. Nauðsynlegt er að setja framkvæmdaraðilum á þessum svæðum verklagsreglur sem hafi það að markmiði að nýting svæðanna uppfylli skilyrði sjálfbærrar þróunar.

Náttúrufræðistofnun leggur til að Umhverfisstofnun tilnefni fulltrúa í starfshópinn með vísun til eftirlitshlutverks hennar á þessu sviði.

Virðingarfyllst

Jón Gunnar Ottósson
forstjóri

